

Nd.

575. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Flutningsm.: Jóhann P. Jósefsson, Jón A. Jónsson og Ólafur Thors.

I. Við 1. gr. Greinina skal orða svo :

1. gr. laganna orðist svo :

Með lögum þessum er stofnað Sildarsamlag Íslands og tekur það við öllum rjettindum og skyldum Sildareinkasölu Íslands, er stofnuð var

með lögum nr. 8, 15. apríl 1928, að svo miklu leyti sem samrýmst getur við þessi lög.

Sildarsamlagið hefir einkarjett á sölu á allri kryddaðri sild eða verkaðri á annan hátt til útflutnings á Íslandi eða í íslenskri landhelgi. Heimilt er þó íslenskum verksmiðjum að selja til útlanda sild í loftþjettum ílátum, enda rúmi þau ekki meira en 10 kg. sildar hvert.

II. Í stað 2. gr. frv. koma tvær nýjar greinar, sem verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi.

a. 2. gr. laganna orðist svo :

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum Sildarsamlagsins. 5 menn eiga sæti í þeirri nefnd og jafnmargir menn til vara, sjerstakur varamaður fyrir hvern nefndarmann og kosinn á sama hátt og hann. Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð eða hafa aðsetur svo nærri heimili Sildarsamlagsins, að auðvelt sje að ná þeim til funda með litlum fyrirvara. 3 af nefndarmönnum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára í senn, en 2 þeirra á aðalfundi Sildarsamlagsins til eins árs í senn, af þeim mönnum eða fjelögum, sem lagt hafa að minsta kosti 100 tonn sildar inn í Sildarsamlagið næsta ár á undan kosningu og nefndir eru samlagsmenn í lögum þessum. Hver samlagsmanna hefir eitt atkvæði. Kosning þessara nefndarmanna fer fram á fyrsta aðalfundi, sem haldinn verður samkv. lögum þessum. Útflutningsnefnd kys í byrjun hvers árs formann fyrir það ár. Fáí enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnu-málaráðherra formann.

b. 3. gr. laganna orðist svo :

Útflutningsnefnd ræður 3 framkvæmdarstjóra og skiftir verkum með þeim. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði. Framkvæmdarstjórar hafa á hendi, í umboði útflutningsnefndar, alla daglega stjórn og umsjón Sildarsamlagsins. Sje framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Framkvæmdarstjóra má kjósa með hlutfallskosningu, ef 2 nefndarmenn krefjast þess. Framkvæmdarstjórar mega ekki reka sildarútveg eða sildarsöltun.

III. Við 3. gr., sem verður 4. gr. Greinina skal orða svo:

5. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdarstjórninni, í samráði við útflutningsnefnd, er heimilt að taka fje að láni til þess að kaupa tonn og salt og annað efni til sildarverkunar þeirrar, er samlagið kann að verka samkvæmt 4. gr., svo og til að liðsinna samlagsmönnum með útvegum á tunnum og salti og öðru efni til sildarverkunar, ef orðið getur án fjárhættu fyrir samlagið. Ennfremur að taka lán til þess að greiða framleiðendum bráðabirgðagreiðslur upp í þá sild, er þeir hafa afhent Sildarsamlaginu, estir rjettum hlutföllum. Slik lán má taka út á sildina hvort heldur er fyrirfram eða jafnótt og hún er verkuð.

Lánsstofnanir, sem veita Sildarsamlaginu slik lán, hafa sameiginlegt

lögveð í allri sild, sem Sildarsamlagið hefir til sölu á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni.

Nú er andvirði sildar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, er afhenti hana til Sildarsamlagsins, og er Sildarsamlagið þá ábyrgðarlaust, þótt síðar sannist, að sildin var annars eign eða veðsett öðrum án vitundar Sildarsamlagsins. Greiðast þá eftirstöðvar sildarandvirðis rjettum eiganda eða veðhafa, en sildin sjálf er aldrei afturkræf.

IV. Ný gr., er verður 5. gr.:

6. gr. laganna orðist svo:

Nú er nauðsynlegt, vegna samlagsins eða verkunar á sild til útflutnings, að tryggja samlaginu afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir og þeir þurfa eigi til eigin afnota; getur ríkisstjórnin þá látið taka það til afnota eftir tillögum samlagsins fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

V. 6. gr. frv. fellur niður.

VI. Við 7. gr.

Orðið »Útflutningsnefndarmenn« í upphafi síðasta máls. falli burt.

VII. Ný grein, er verði 9. gr.:

Í stað »15 apríl« í 9. gr. laganna kemur: 1. apríl.

VIII. Á eftir 8. gr., sem verður 10. gr., kemur ný gr., sem verður 11. gr., svo hljóðandi:

Á eftir 11. gr. laganna koma 5 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. Útflutningsnefnd er sakaraðili í málum, er varða Sildarsamlagið, og er löglegt að birta stefnu formanni hennar.
- b. Nú verður Sildarsamlagið skaðabótaskyldt, og greiðast þá skaðabætur úr varasjóði Sildarsamlagsins, meðan til hrekkur. Nægi varasjóður ekki, greiðast bæturnar til bráðabirgða af óskiftu andvirði seldrar sildar það ár, sem skaðabæturnar falla til útborgunar, ef annað fje er ekki fyrir hendi, en endurgreiðast eigendum þeirrar sildar, að nokkru eða öllu leyti, eftir nánari ákvörðun útflutningsnefndar, þegar varasjóður verður greiðslufær. Nú hefir skaðabótakrafa verið gerð, og er þá Sildarsamlaginu heimilt að leggja til hliðar fje til skaðabótageiðslunnar af andvirði seldrar sildar það ár, er tildrög til skaðabótanna urðu. En komi ekki til skaðabótageiðslunnar, skal geymslu-fjenu úthlutað síðar til þeirra sildareigenda, er frádráttinn urðu að þola.
- c. Nú verður einhver skaðabótaskyldur Sildarsamlaginu fyrir samnings-rof, og renna þær skaðabætur þá í varasjóð.
- d. Í janúarmánuði ár hvert skal stjórn Sildarsamlagsins halda almennan fund á Akureyri með samlagsmönnum. Skal þar, að svo miklu leyti sem unt er, gefa skýrslu um allan rekstur og hag Sildarsamlagsins á liðnu ári og svara fyrirspurnum, er fram kunna að koma frá sam-lagsmönnum um reksturinn. Einnig skal rætt um framtíðarstarfsemi Sildarsamlagsins. Tillögur, sem þar kunna að verða samþykta, skulu lagðar fyrir aðalfund.

- e. Aðalfundur Sildarsamlagsins skal haldinn í Reykjavík á tímabilinu frá 15. apríl til 15. maí. Skal til hans boðað með minnst 2 mánaða fyrirvara með ábyrgðarbrjefi eða símskeyti til hvers samlagsmanns. Aðalfundur er lögsmætur, ef 30 samlagsmenn hið fæsta mæta. Samlagsmenn geta falið hver öðrum, með skriflegu umboði, að fara með atkvæði sín á fundinum. Atvinnumálaráðherra skal heimilt að mæta á fundinum og hefir þar tillögurjett.

IX. Fimm nýjar greinar, sem verða 12.—16. gr.:

- a. 12. gr. laganna orðist þannig:
Endurskoðendur Sildarsamlagsins skulu vera 2, annar útnefndur af atvinnumálaráðherra, en hinn af aðalfundi, ásamt einum varmanni fyrir hvorn endurskoðanda, allir til eins árs í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir ávalt aðgang að öllum skjölum og bókum Sildarsamlagsins.
- b. Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein:
Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:
1. Lögð fram skýrsla stjórnarinnar um reksturinn á liðnu ári og tillögur hennar um starfstilhögun á yfirstandandi ári.
 2. Lagðir fram til samþykkis endurskoðaðir reikningar Sildarsamlagsins fyrir hið liðna ár, ásamt athugasemdum endurskoðanda og svörum stjórnarinnar við þeim.
 3. Kosinn 1 endurskoðandi til eins árs í senn.
 4. Kosning 2 manna í útflutningsnefnd, sbr. 2. gr.
 5. Önnur mál, er fram kunna að verða borin og varða Sildarsamlagið.
- c. 15. gr. laganna orðist svo:
Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkv. þeim, varða sektum, frá 1000—50000 kr., og getur útflutningsnefnd, ef brot er ítrekað, neitað þeim brotlega um verkunarleyfi um eitt ár í senn.
Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.
- d. Á eftir 15. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Nú verður Sildarsamlagið leyst upp, og skal þá verja sjóðum þess og eignum til styrktar íslenskum sildariðnaði.
- e. Þar, sem í lögnum er nefnd einkasala, í öllum föllum, komi: Sildarsamlag.

(Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.)